

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2022, miðvikudaginn 10. ágúst kl. 9:13, var haldinn 236. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Alexandra Briem, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Kjartan Magnússon, Líf Magneudóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir og áheyrnarfulltrúarnir Kolbrún Baldursdóttir og Andrea Jóhanna Helgadóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Inga Rún Sigurðardóttir og Sigurjóna Guðnadóttir. Fundarritari var Glóey Helgadóttir Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir Mál nr. SN010070

Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. og 30. júní og 7., 14. og 20 júlí 2022.

2. Kjalarnes, Jörfi/Norðurgrund, breyting á deiliskipulagi (32.472.0) Mál nr. SN220294

Lögð fram tillaga Arkþing/Nordic f.h. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 11. maí 2022 er varðar breytingu á deiliskipulagi Grundarhverfis á Kjalarnesi. Í tillögunni felst m.a. uppbygging á íbúðarhúsnæði og nýjar lóðir eru skilgreindar innan íbúðarsvæðis ÍB57 skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Um er að ræða fyrsta áfanga af tveimur mögulegum með allt að 81 íbúðum. Meðalstærð íbúða er um 100 fm. Einnig eru lagðir fram deiliskipulagsuppdættir og skuggavarp dags. 14. júní 2022. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins fagnar þessari uppbyggingu. Þarna eru innviðir til staðar. Ef til vill hefði mátt vera meiri fjölbreytni, allt frá litlum íbúðum í stærri eignir. Mikilvægt er að hafa góðar aðstæður fyrir bíla, bæði við eignir fyrir íbúana og gesti. Í hverfinu eru ekki atvinnutækifæri svo leiða má líkur að því að íbúar noti einkabíl í ríkum mæli enda ekki margir aðrir kostir sem virka nema fyrir lítinn hóp kannski. Áfram þarf að bæta í innviði t.d. t.d. setja verslanir og aðra þjónustu til að gera hverfið sjálfbært. Vonandi heldur áfram uppbygging í hverfinu af miklum krafti og að tillögur í þeim efnum verði unnar í góðu samstarfi og sátt við íbúa.

3. Brekkubær 39, stækkun lóðar (04.361.6) Mál nr. SN220005

Lögð fram umsókn Kjartans Stefánssonar dags. 5. janúar 2022 um stækkun lóðarinnar nr. 39 við Brekkubæ, samkvæmt uppd. Teiknistofunnar Stiku ehf. dags. 8. september 2021. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. apríl 2022. Lagt er til að umsókninni verði synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Umsókninni er synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 1. apríl 2022. Vísað til borgarráðs.

4. Alþingisreitir, breyting á deiliskipulagi (01.141.1) Mál nr. SN220438

Lögð fram umsókn Steve Christer dags. 11. júlí 2022 um breytingu á deiliskipulagi Alþingisreits. Í breytingunni felst leiðrétting á gildandi deiliskipulagi vegna hæða húsa, samkvæmt uppd. Studio Granda ehf. dags. 13. júlí 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt án grenndarkynningar þar sem hún varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og sveitarfélagsins.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

(B) Byggingarmál

5. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, fundargerðir Mál nr. BN045423

Lagðar fram fundargerðir afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 28. júní, 5., 12., 19. og 26. júlí 2022.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

6. Umferðaröryggisaðgerðir 2022, tillaga - USK22080011 Mál nr. US220165

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 5. ágúst 2022:

Óskað er heimildar umhverfis- og skipulagsráðs til að klára undirbúning eftirfarandi aðgerða með það að markmiði að bjóða þær út til framkvæmda haustið 2022.

1. Ný gangbraut með upphækkun og gangbrautarlýsingu yfir Hofsvallagötu til móts við Vesturbæjarlaug. Aðkoma óvarinna vegfarenda framhá Bilastæði Vesturbæjarlaugar bætt. Eitt hliðarstæði meðfram Hofsvallagötu fjarlæggt og eitt stæði merkt fyrir hreyfihamlaða.

2. Ný gangbraut, gangbrautarlýsing og gatnamótalgfæringar yfir Holtsgötu til móts við Framnesveg.

3. Ný gangbraut, gangbrautarlýsing og gatnamótalgfæringar yfir Öldugötu til móts við Framnesveg.

4. Upphækkanir núverandi gangbrauta yfir Bólstaðarhlíð og Skipholt við Háteigsveg.

Gangbrautarlýsing og gatnamótalgfæringar á Bólstaðarhlíð til móts við Háteigsveg.

5. Ný gangbraut, upphækkun, gangbrautarlýsing og lagfæringar á sjónlengdum yfir Langholtsveg til móts við Langholtsveg 124.

6. Fallvarnir við stíg meðfram Miklubraut við göngubrú til móts við Skeifuna.

7. Hraðalækkandi koddar og lagfæring gangbrautarlýsingar á núverandi gangbraut yfir Bústaðarveg til móts við Borgarspítala.

8. Fallvarnir við stíg meðfram Breiðholtsbraut til móts við Mjóddina, Árskóga.

9. Færsla á þverun yfir Arnarbakka rétt austan Stekkjarbakka.

10. Ný gangbraut með upphækkun og gangbrautarlýsingu yfir Jaðarsel til móts við Seljaskóla.

11. Ný gangbraut með upphækkun og gangbrautarlýsingu yfir Norðurhóla til móts við Vesturhóla.

12. Ný gangbraut með upphækkun og gangbrautalýsingu yfir Krummahóla til móts við Vesturhóla.

13. Lagfæringar göngupverunar yfir Krókavað.

14. Ný gangbraut með upphækkun og gangbrautarlýsingu yfir Norðlingabraut til móts við göngubrú yfir Breiðholtsbraut. Hraðalækkandi alda yfir Norðlingabraut til móts við göngubrú yfir Breiðholtsbraut.

15. Hraðalækkandi koddar og bætt lýsing við göngupverun yfir Borgarveg norðan Gufuneskirkjugarðs. Minniháttar lagfæringar á biðstöð Strætó.

16. Lagfæring aðkomu stíga við undirgöng undir Víkurveg til móts við Egilshöll.

17. Hraðalækkandi koddar ásamt bættri lýsingu og lagfæringu biðsvæða Strætó við Lambhagaveg norðan Reynisvatnsvegar.

18. Ný gangbraut yfir Kollagrund, til móts við Klébergsskóla.

Samþykkt.

Umhverfis- og skipulagsráð ásamt áheyrnarfulltrúum leggur fram svohljóðandi bókun:

Umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar er afar mikilvæg. Við fögnum þeim tillögum sem hér eru lagðar fram til að auka öryggi gangandi vegfarenda víða um borgina.

Höskuldur Rúnar Guðjónsson, samgönguverkfræðingur, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Umferðaröryggisaðgerðir 2022, sérákvæði, tillaga - USK22080011 Mál nr. US220166

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 5. ágúst 2022:

Lagt er til við umhverfis- og skipulagsráð að samþykkt verði:

1. Ný gangbraut yfir Hofsvallagötu til móts við Vesturbæjarlaug.
2. Merkt verði eitt stæði fyrir hreyfihamlaða í núverandi stæði við Hofsvallagötu 20-22.
3. Ný gangbraut yfir Holtsgötu til móts við Framnesveg.
4. Ný gangbraut yfir Öldugötu til móts við Framnesveg.
5. Ný gangbraut yfir Langholtsveg til móts við Langholtsveg 124.
6. Ný gangbraut yfir Jaðarsel til móts við Seljaskóla.
7. Ný gangbraut yfir Norðurhóla til móts við Vesturhóla.
8. Ný gangbraut yfir Krummahóla til móts við Vesturhóla.
9. Ný gangbraut yfir Norðlingabraut til móts við göngubrú yfir Breiðholtsbraut.
10. Ný gangbraut yfir Kollagrund, til móts við Klébergsskóla.

Ofangreind ráðstöfun verður merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum. Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Umhverfis- og skipulagsráð ásamt áheyrnarfulltrúum leggur fram svohljóðandi bókun:

Umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar er afar mikilvæg. Við fögnum þeim tillögum sem hér eru lagðar fram til að auka öryggi gangandi vegfarenda víða um borgina.

Höskuldur Rúnar Guðjónsson, samgönguverkfræðingur, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Hallsvegur, tvær göngupveranir merktar sem gangbrautir, tillaga - USK22010020 Mál nr. US220147

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 28. júní 2022:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að tvær göngupveranir við Hallsveg verði merktar sem gangbrautir.

Göngupveranirnar verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Lagfæringar á gönguleiðum yfir Hallsveg hafa lengi verið brýnar og Flokkur fólksins var með bókun í þessu máli 8.9. 21 og vísaði þá í erindi íbúaráðs Grafarvogs. Þá var kvartað yfir því að hægt gengi að klára einföld atriði svo sem að gera almennilegar aðstæður fyrir gangandi vegfarendur. Um eitt ár hefur tekið að bregðast við. Fólk hefur haft áhyggjur lengi og nokkuð er síðan að hraðamælingar bentu til þess að aksturshraði væri nokkuð hærri en hámarkshraði segir til um. Ástæða fyrir að ekki var gripið fyrr í taumana var að sérfræðingar á skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar töldu að umferð um Hallsveg væri of lítil til að þörf væri á að koma þar fyrir sérstökum gangbrautarljósum. Af þessu má sjá að málið á sér langa sögu.

9. Mýrargata - bifreiðastæði fyrir hópibifreiðar, tillaga - USK22010020 Mál nr. US220163

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 11. júlí 2022:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að útbúið verði bifreiðastæði í Mýrargötu vestan gatnamóta við Hlésgötu fyrir hópibifreiðir. Bifreiðastæðið verði merkt með viðeigandi umferðarmerki og yfirborðsmerkingu í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

10. Selvogsgrunn 3, sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling, tillaga - USK22010020 Mál nr. US220162

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 11. júlí 2022:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að bifreiðastæði við Selvogsgrunn 3 verði merkt fyrir hreyfihamlaðan einstakling. Bifreiðastæðið verði merkt með viðeigandi umferðarmerki og yfirborðsmerkingu í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

11. Breytingar á sorphirðu 2023, verk- og tímaáætlun, kynning Mál nr. US220167

Kynning á stöðu verkefnisins.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Nýtt verklag við sorphirðu er mikilvægt og tímabært. Nú verða fjórir söfnunarflokkar, lífrænt, pappír, plast og blandað. Þetta á að gerast hratt og vel. Jafnframt þurfa borgin og Sorpa að sýna liðleika við að hjálpa íbúum við nýtt fyrirkomulag, til að mynda í fjölbýlum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Kynnt er staða sorphirðu í Reykjavík. Auka á flokkun sem er nauðsynlegt og löngu tímabært. Flokkur fólksins var með tillögu um þriggja tunnu flokkunarkerfi fyrir þremur árum sem var felld. Mikilvægt er að nota tvískiptar tunnur til að fækka tunnum, hafa t.d. plast og pappír í sömu tunnu, tvískiptri. Sveitarfélög eru ekki komin langt í að endurvinna gler þó að það eigi að fara að safna því núna. Samkvæmt skuldbindingum gagnvart ESB á að endurvinna gler en það er ekki gert enn. Eins er spurning um að bjóða út á almenna markaðnum t.d. í einu póstnúmeri til þess að bera saman verð og þjónustu SORPU og almenna markaðarins. Öll sveitarfélög nema Reykjavík bjóða út sína sorphirðu og ekki að sjá að það sé sérstök óánægja með slíkt. Nefna má að þegar ófærð var hér sem mest seinkaði þjónusta SORPU um vikur. Á sama tíma gekk nokkuð vel t.d. tæming hjá íslenska gámafélaginu. Nú er sorphirða að færast í djúpgáma og SORPA að kaupa bíla sem getur losað djúpgáma. SORPA ætlar að þjónusta þá sem er kannski ekki mjög hagkvæmt. Nær væri að skoða að bjóða slíkt út.

Friðrik Klingbeil Gunnarsson ráðgjafaverkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(C) Ýmis mál

12. Hrístateigur 15, kæra 63/2022 (01.360.1) Mál nr. SN220433

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 29. júní 2022 ásamt kæru dags. 28. júní 2022 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa frá 7. júní 2022 að synja umsókn BN59441 um byggingarleyfi fyrir stækkun á stofum allra íbúða til suðurs, lengja svalir á 1. og 2. hæð að nýbyggingu, einangra að utan og klæða með bárujárnri íbúðarhúsi nr. 15 við Hrístateig.

13. Starmýri 2, kæra 70/2022 (01.283.0) Mál nr. SN220484

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála 8. júlí 2022 ásamt kæru dags. 8. júlí 2022 þar sem kærð er ákvörðun Skipulags- og samgönguráðs frá 27. apríl 2022 um að hækka bygginguna að Starmýri 2A, lóð nr. 2 við Starmýri.

14. Frakkastígur 9, kæra 76/2022 (01.173) Mál nr. SN220462

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 20. júlí 2022 ásamt kæru dags. 20. júlí 2022 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar þann 18. júlí sl., útgáfa byggingarleyfis vegna viðbyggingar á austurhlíð Frakkastígs 9.

15. Arnarnesvegur og Elliðaárdalur, kæra 79/2022 (04.9) Mál nr. SN220465

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 22. júlí 2022 ásamt kæru dags. 22. júlí 2022 þar sem kærðar eru ákvarðanir umhverfis- og skipulagsráðs um að samþykkja deiliskipulag fyrir 3. kafla Arnarnesvegur og Elliðaárdals þann 29. júní 2022, sem og staðfesting borgarráðs frá 7. júlí á nefndum deiliskipulögum.

16. Furugerði 2, kæra 45/2022, tölvupóstur (01.806.3) Mál nr. SN220431

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 29. júní 2022 ásamt kæru ódags. þar sem kærður er óhæfilegur dráttur sem hefur orðið á afgreiðslu Reykjavíkurborgar á erindi kæranda og varða framkvæmdir á lóðamörkum kæranda að Hlyngerði 1 og Furugerði 2, sem stækkaði bílastæði og hellulagði. Einnig er lagður fram tölvupóstur skrifstofu stjórnsýslu og gæða til úrskurðarnefndarinnar, dags. 27. júní 2022.

17. Bárugata 14, kæra 62/2022, greinargerð (01.136.2) Mál nr. SN220434

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 23. júní 2022 ásamt kæru dags. 23. júní 2022 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkur frá 31. maí 2022 að samþykkja útgáfu byggingarleyfis um að breyta og hækka mæni og útveggi á þakrymi þannig að fáiast portbyggð hæð í risi í húsi á lóð nr. 14 við Bárugötu. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar dags. 26. júlí 2022.

18. Vesturgata 67, Kæra 57/2022, greinargerð (01.133.1) Mál nr. SN220383

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 10. júní 2022 ásamt kæru dags. 7. júní 2022 þar sem kærð er ákvörðun um breytingu á deiliskipulagi og útgáfu byggingarleyfis fyrir Vesturgötu 67. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar dags. 14. júní 2022. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 2. ágúst 2022. Úrskurðarorð: Kröfu kæranda um ógildinguna ákvörðunar borgarráðs frá 3. september 2020 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi milli Seljavegar og Ánanausta vegna lóðarinnar nr. 67 við Vesturgötu er vísað frá úrskurðarnefndinni. Fellt er úr gildi byggingarleyfi Vesturgötu 67, dags. 27. janúar 2022, fyrir steinsteypu fjögurra hæða húsi á sömu lóð með sex íbúðum auk starfsmannarýmis, sbr. ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 15. desember 2020 um að samþykkja umsókn um greint leyfi.

19. Hlíðarendi - Reitir G, H og I, kæra 64/2022, greinargerð (01.62) Mál nr. SN220430

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 29. júní 2022 ásamt kæru dags. 21. júní 2022 þar sem kærð ákvörðun skipulags- og samgönguráðs frá 9. febrúar 2022 og borgarráðs frá 24. febrúar 2022 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi á Hlíðarenda vegna reita G, H og I. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar dags. 26. júlí 2022.

20. Hlíðarendi - Reitir G, H og I, kæra 78/2022, greinargerð, bráðabirgða úrskurður (01.62) Mál nr. SN220461

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 20. júlí 2022 ásamt kæru dags. 16. júlí 2022 þar sem kærð er ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur þann 24. febrúar 2022, að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna reita G, H og I. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar dags. 26. júlí 2022. Jafnframt er lagður fram bráðabirgða úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 2. ágúst 2022. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu deiliskipulagsákvörðunar.

21. Bíldshöfði 18, kæra 40/2022, greinargerð, úrskurður (04.065.0) Mál nr. SN220280

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 226. apríl 2022 ásamt kæru dags. 26. apríl 2022 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 5. apríl 2022, um leyfi til að breyta starfsemi rýmis matshluta 03, Bíldshöfða 18 og innréttu kjörverslun og bakarí auk þess að gera flóttu leið og setja útsogsrör á suðurhlíð hússins. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar dags. 9. maí 2022. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 15. júní 2022. Úrskurðarorð: Felld er úr gildi hin kærða ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 5. apríl 2022 að því er varðar leyfi til framkvæmda á sameign hússins á lóð Bíldshöfða 18.

22. Hrístateigur 15, kæra 52/2022, tölvupóstur, úrskurður (01.360.1) Mál nr. SN220367

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 25. maí 2022 ásamt kæru dags. 25. maí 2022 þar sem kærður er dráttur á afgreiðslu umsóknar kæranda nr. BN059941, byggingarleyfisumsókn og varðar eign kæranda að Hrístateig 15. Einnig er lagður fram tölvupóstur skrifstofu sviðsstjóra til úrskurðarnefndarinnar dags. 8. júní 2022 og úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 15. júní 2022. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

23. Frakkastígur 9, kæra 44/2022, greinargerð, úrskurður (01.173) Mál nr. SN220281

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 3. maí 2022 ásamt kæru dags. 3. maí 2022 þar sem kærð er veiting byggingarleyfis byggingarfulltrúa frá 12. október 2021 varðandi viðbyggingu á Frakkastíg 9. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar dags. 4. maí 2022. Jafnframt er lagður fram úrskurður

úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 24. júní 2022. Úrskurðarorð: Felld er úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 12. október 2021 um að samþykkja umsókn um leyfi fyrir viðbyggingu á austurhlíð húss á lóð nr. 9 við Frakkastíg, stækka veitingastað í flokk II, tegund C, og auka mögulegan gestafjölda úr 15 í 55.

24. Frakkastígur 9, kæra 54/2022, greinargerð, úrskurður (01.173) Mál nr. SN220422

Lagt fram erindi frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála dags. 30. maí 2022 ásamt kæru dags. 27. maí 2022 þar sem kærð er ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur um samþykki á útgáfu byggingarleyfis þann 5. janúar 2022 fyrir framkvæmdum að Frakkastíg 9. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar dags. 4. maí 2022. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 24. júní 2022. Úrskurðarorð: Felld er úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 12. október 2021 um að samþykkja umsókn um leyfi fyrir viðbyggingu á austurhlíð húss á lóð nr. 9 við Frakkastíg, stækka veitingastað í flokk II, tegund C, og auka mögulegan gestafjölda úr 15 í 55.

25. Réttarholtsvegur 21-25, kæra 156/2021, greinargerð, úrskurður (01.832.3) Mál nr. SN210714

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 14. október 2021 ásamt kæru dags. 13. október 2021 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkur frá 13. júlí 2021, þar sem samþykkt var leyfi fyrir færanlegri kennslustofu K132 - J, á lóð nr. 21-25 við Réttarholtsveg. Einnig er lögð fram umsögn greinargerð Reykjavíkurborgar dags. 27. desember 2022. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála frá 22. apríl 2022. Úrskurðarorð: Felld er úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 13. júlí 2021 um að samþykkja byggingarleyfi fyrir færanlegri kennslustofu á lóð Réttarholtsskóla nr. 21-25 við Réttarholtsveg.

26. Bergstaðastræti 81, kæra 168/2021, greinargerð, úrskurður (01.196.4) Mál nr. SN210788

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 24. nóvember 2021 ásamt kæru dags. 23. nóvember 2021 þar sem kærð er synjun byggingarfulltrúa Reykjavíkur frá 16. nóvember 2021 um leyfi til að gera bílgeymslu með tilheyrandi innkeyrslu frá götu við suðaustur lóðarmörk, og að þak bílgeymslu verði hluti af efri verönd lóðar húss á lóð nr. 81 við Bergstaðastræti. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar dags. 7. janúar 2022. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 15. júní 2022. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 16. nóvember 2021 um að synja umsókn kæranda um leyfi til að byggja bílgeymslu á austurhluta lóðar nr. 81 við Bergstaðastræti.

27. KR svæðið - Frostaskjól 2-6, nýtt deiliskipulag (01.516.9) Mál nr. SN210824

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 30. júní 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á nýju deiliskipulagi fyrir KR-svæðið.

28. Starmýri 2, breyting á deiliskipulagi (01.283.0) Mál nr. SN210700

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 24. júní 2022 vegna samþykktar borgarstjórnar frá 21. júní 2022 á breytingu á deiliskipulagi Safamýrar- Álftamýrar vegna lóðarinnar nr. 2 (hús nr. 2A) við Starmýri.

29. Fálkabakki 1, Fálkaborg, breyting á hverfisskipulagi (04.617) Mál nr. SN220271

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 30. júní 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna lóðarinnar nr. 1 við Fálkabakka.

30. Bræðraborgarstígur 1, 3 og 5, skipulagslýsing Mál nr. SN220053

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 30. júní 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á kynningu á lýsingu að deiliskipulagi fyrir lóðirnar 1, 3 og 5 við Bræðraborgarstíg.

31. Suðurlandsvegur, skipulagslýsing (05.8) Mál nr. SN220392

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. júlí 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á kynningu á lýsingu á deiliskipulagi fyrir Suðurlandsveg.

32. Öskjuhlíð, breyting á deiliskipulagi (01.76) Mál nr. SN220376

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. júlí 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar.

33. Kirkjusandur - Reitur F, breyting á deiliskipulagi (01.345.1) Mál nr. SN220382

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. júlí 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kirkjusands vegna reits F.

34. Reynisvatnsás, breyting á skilmálum deiliskipulags Mál nr. SN220117

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. júlí 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á almennum skilmálum deiliskipulags fyrir Reynisvatnsás.

35. Leirtjörn vestur, nýtt deiliskipulag - skipulagslýsing (02.6) Mál nr. SN220394

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. júlí 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á kynningu á lýsingu að deiliskipulagi við Leirtjörn í Úlfarsárdal.

36. Kirkjusandur 2, breyting á deiliskipulagi (01.345.1) Mál nr. SN220377

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. júlí 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kirkjusands vegna lóðar nr. 2 við Kirkjusand.

37. Gufunes, áfangi 1 - Jöfursbás reitir A3 og A4, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN220257

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. júlí 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga í Gufunesi vegna reita A3 og A4.

38. Elliðaárdalur, breyting á deiliskipulagi (04.2) Mál nr. SN220347

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. júlí 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals vegna tengistígs við Rafstöðvarveg 1A.

39. Arnarnesvegur, nýtt deiliskipulag (04.9) Mál nr. SN210221

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. júlí 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi 3. áfanga Arnarnesvegar.

40. Elliðaárdalur, breyting á deiliskipulagi (04.2) Mál nr. SN210780

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. júlí 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals vegna breytinga á skipulagsmörkum deiliskipulagsmarka.

41. Álfabakki 2A, 2B, 2C og 2D, breyting á deiliskipulagi (04.603.6) Mál nr. SN220193

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. júlí 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suður-Mjóddar vegna lóða nr. 2A, 2B, 2C og 2D við Álfabakka.

42. Bryggjuhverfi, dælustöð, breyting á deiliskipulagi vegna stækkunar skipulagssvæðis (04.0) Mál nr. SN220188

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. júlí 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis.

43. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um hljóðvarnaraðgerðir Mál nr. US220156

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hljóðvarnaraðgerðir, sbr. 39. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 29. júní 2022.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

44. Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands, um að P-merkt stæði verði merkt inn í borgarvefsjá Mál nr. US220149

Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um að P-merkt stæði verði merkt inn í borgarvefsjá, sbr. 40. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 29. júní 2022.

Tillögunni er vísað frá. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

45. Tillaga fulltrúa Vinstri grænna, um samkomulag við Vegagerðina varðandi framkvæmdir Mál nr. US220160

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Vinstri grænna um samkomulag við Vegagerðina varðandi framkvæmdir, sbr. 37. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 29. júní 2022.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

46. Tillaga fulltrúa Vinstri grænna, um kolefnisspor framkvæmdanna við Arnarnesveg og Suðurlandsveg Mál nr. US220159

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Vinstri grænna um kolefnisspor framkvæmdanna við Arnarnesveg og Suðurlandsveg, sbr. 36. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 29. júní 2022.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggja fram svohljóðandi bókun:

Við sósíalistar styðjum þessa tillögu heilshugar. Það er mikilvægt að halda utan um kolefnissporið sem borgarstjórn skilur eftir með ákvörðunum sínum, ekki aðeins heildarkolefnisspor allra borgarbúa.

47. Tillaga fulltrúa Vinstri grænna, um nýtt umhverfismat vegna Arnarnesvegar Mál nr. US220161

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Vinstri grænna um nýtt umhverfismat vegna Arnarnesvegar, sbr. 38. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 29. júní 2022.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna greiða atkvæði með tillögunni.

Fulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi bókun:

Það eru mikil vonbrigði að tillaga Vinstri grænna um að Reykjavíkurborg fari fram á að gert sé nýtt umhverfismat vegna framkvæmda við Arnarnesveg sé felld. Með nýju umhverfismati eru tækifæri til að endurmeta framkvæmdina út frá hagsmunum umhverfisins og íbúa þess, loftslagsáhrifa og líffræðilegrar fjölbreytni, landslags og náttúrunnar. Þó samgöngusáttmálinn sé mikilvægt og þarft samkomulag þá trompar hann ekki hagsmuni náttúrunnar og komandi kynslóða um ókomna tíð í jafn stórrí framkvæmd og Arnarnesvegurinn er.

48. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um gerð nýs umhverfismats vegna 3ja áfanga Arnarnesvegar Mál nr. US220132

Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um gerð nýs umhverfismats vegna 3ja áfanga Arnarnesvegar, sbr. 36. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. júní 2022.

Tillögunni er vísað frá. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins hefur enn á ný og nú á nýju kjörtímabili lagt fram tillögu um gerð nýs umhverfismats vegna 3. áfanga Arnarnesvegar þar sem fyrra umhverfismat er frá 2003 og því úrelt. Tillagan var lögð fram í með von og trú að leiðarljósi þar sem frambjóðandi Framsóknarflokksins gaf út loforð, skömmu fyrir kosningar að Framsóknarflokkurinn, komist hann til valda myndi láta gera nýtt umhverfismat. Tillögunni er vísað frá. Vinir Vatnsendahvarfs og Vinir Kópavogs sem og Elliðaárdalsins hafa kært málið til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærðar eru ákvarðanir Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur um að samþykkja deiliskipulag fyrir 3. kafla Arnarnesvegar og Elliðaárdals 29.06.2022., sem og staðfesting borgarráðs frá 01.07.2022 á nefndum deiliskipulögum. Þess er krafist að deiliskipulag fyrir 3. kafla Arnarnesvegar og deiliskipulag Elliðaárdals frá 01.07.2022 verði felld úr gildi. Þess er einnig krafist að engin framkvæmdaleyfi fyrir 3. kafla Arnarnesvegar eða Elliðaárdals verði gefin út á meðan mál þetta er til meðferðar hjá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Flestir íbúar í nágrenni við framkvæmdina telja að framkvæmdin muni hafa verulega neikvæð áhrif á umhverfi, hljóðvist og útivist á svæðinu og koma í veg fyrir að svæðið verði miðstöð útivistar og afþreyingar.

49. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um aukið aðgengi að vatni í borginni Mál nr. US220115

Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aukið aðgengi að vatni í borginni, sbr. 31. liður fundargerðar skipulags- og samgönguráðs, dags. 25. maí 2022.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

50. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um götu í Gufunesi Mál nr. US220157

Lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um götu í Gufunesi, sbr. 46. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 29. júní 2022.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

51. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um óbyggðar lóðir í Úlfarsárdal Mál nr. US220135

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um óbyggðar lóðir í Úlfarsárdal, sbr. 39. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. júní 2022.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, byggingarfulltrúa.

52. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins, um kostnað vegna undirbúnings við nýja byggð í Skerjafirði Mál nr. US220151

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna undirbúnings við nýja byggð í Skerjafirði, sbr. 48. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 29. júní 2022.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, fjármáladeildar.

53. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, um reglur um tíma sem hús mega standa óuppgerð Mál nr. US220169

Flokkur fólksins leggur til að settar verði reglur um þann tíma sem hús megi standa ónotuð og óuppgerð. Sérstaklega á þetta við um gömul hús sem mörg eru friðlýst vegna aldurs. Það að slík hús séu ekki í notkun skapar oft hættu og slík hús verða líka líti á hverfinu.

Frestað.

54. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, um að bjóða út sorphirðu Mál nr. US220176

Tillaga Flokks fólksins um að bjóða út sorphirðu í pósthúsi og kanna hagkvæmni á að bjóða út þjónustu við djúpgáma Öll sveitarfélög önnur en Reykjavík bjóða út sorphirðu og er ekki að sjá annað en að slíkt hafi reynst vel. Flokkur fólksins leggur til að SORPA kanni ávinning þess að bjóða út sorphirðu með því að bjóða út sorphirðu í einu af pósthúsum Reykjavíkur. Flokkur fólksins leggur til að gerð verði hagkvæmisúttekt á þjónustu við djúpgáma með þeim tækjum og tólum sem til þess þarf en SORPA hyggst sjálf þjónusta djúpgáma. Flokkur fólksins bendir í þessu sambandi á skýrslu norrænu samkeppniseftirlitanna frá 2016 "Competition in the Waste Management Sector. Preparing for a Circular Economy". Löngu er tímabært að auka flokkun á söfnunarstað en í þessu stóra verkefni þarf að huga að kostnaði. Það er skylda sveitarfélags að fara vel með fjármagn, útsvar borgarbúa og finna ávallt hagkvæmustu leiðirnar. Í þessu stóra verkefni er ekki að sjá að kannað hafi verið hvort hagkvæmara sé að bjóða út einstök verk og verkefni eins og flest önnur sveitarfélög hafa gert. Þetta gagnrýnir fulltrúi Flokks fólksins.

Frestað.

55. Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi, fyrirspurn, um bættu nýtingu á bílastæðahúsum eftir miðnætti Mál nr. US220172

Bílastæðahús loka á miðnætti og opna kl. 07:00. Væri ekki skynsamlegri nýting að leyfa íbúum að nýta húsin yfir nóttina og minnka þannig þörf á bílastæðum meðfram götum sem væri hægt að nýta undir aðra ferðamáta og manneskjulegra umhverfi? Oft er skortur á bílastæðum fyrir íbúabyggðina í miðbænum og því er spurt hvað hindri íbúum með íbúakort að fá aðgang að bílahúsum að næturlagi í sínu nærumhverfi?

56. Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi, fyrirspurn, um bættu nýtingu á bílastæðum við ráðuneyti á Lindargötu Mál nr. US220173

Bílastæðin sem eru einkastæði/frátekin fyrir ráðuneytisfólk: Hvað, ef eitthvað, hindrar að nýta betur bílastæði við Lindargötu við ráðuneyti, séu opin til nýtingar fyrir íbúa götunnar að kvöld-/næturlagi, eða utan hefðbundins vinnudags?

57. Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi, fyrirspurn, um staðsetningu bílastæðahúsa við tengistöðvar almenningsgangna Mál nr. US220174

Eru fyrirætlanir um að auðvelda fólki sem neyðist til að reiða sig á einkabíl til að ferðast til borgarinnar eða innan hennar, að skipta úr einkabíl yfir í

almennings­samgöngur hluta leiðar sinnar innanbæjar - til að mynda með byggingu bílastæðahúsa við mikilvæga tengipunkta í almennings­samgöngu-kerfinu?

58. Áheyrnarfulltrúi Sósíalísta­flokks Íslands leggur fram svohljóðandi, fyrirspurn, um ástand á friðlýstum húsum við Ingólfstorg Mál nr. US220175

Stendur til að vinna að eða að krefjast viðunandi viðhalds á friðlýstu húsunum Vallarstræti 4 og Aðalstræti 7? Hver sér um eftirlit með því að viðhaldi á friðlýstum húsum sé sinnt innan borgarinnar?

59. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um hreinsun Mál nr. US220168

Í sumar hefur ástandið í Breiðholti verið slæmt þegar kemur að hreinsun. Ruslastampar hafa verið yfirfullir bæði í Seljahverfi og við leikvelli og við kartöflugarðana ábak við Fljótasel. Borgarfulltrúar hafa fengið ábendingar um þetta frá íbúum. Flokkur fólksins óskar eftir upplýsinga um tíðni hreinsunar og ástæður fyrir af hverju hreinsun er ekki eins góð og hún ætti að vera.

60. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurnir, um torg Mál nr. US220170

Gera á "bráðabirgða útipall" við Frakkastíg. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvað svona "bráðabirgða" útipallur kostar? Er verið að velja hagkvæmustu lausnina? Flokkur fólksins óttast að hér sé á ferðinni sóun og bruðl. Flokkur fólksins óskar upplýsingar um kostnað Reykjavíkurborgar síðustu 5 árin við að fegra miðbæ Reykjavíkur (torg/stíga/upphitun stíga/jólaskraut/útihátíðir/aðrar uppákomur o.fl.) á móts við aðra bæjarhluta? Óskað er eftir því að fá samanburðartölur t.d. hvað kostaði Óðinstorg og hvað kostaði torgið í Mjódd? Hver er kostnaður síðustu 5 árin við að fegra miðbæ Reykjavíkur (torg/stíga/upphitun stíga/jólaskraut/útihátíðir/aðrar uppákomur o.fl.) til samanburðar við aðra bæjarhluta? Flokkur fólksins þreystist seint á að tala um forgangsröðun. Í Reykjavík er forgangsröðun kolröng. Allt þúður er sett í að fegra og skreyta á meðan bíða 2012 börn eftir nauðsynlegri þjónustu hjá grunnskólum borgarinnar. Er það þetta sem nýr meirihlutinn vill standa fyrir?

61. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurnir, um aðgengi að Hlemmi Mál nr. US220171

Nýlega hófust framkvæmdir við fyrsta áfanga að nýju Hlemmtorgi og þegar hefur Rauðarárstíg milli Laugavegar og Bríetartúns verið lokað. Gert er ráð fyrir að Rauðarárstígur verði lokaður til suðurs við gömlu Gasstöðina en þar verður snúningsshringur fyrir fólksbíla. Spurning: Ef horft er til Rauðarárstígs spyr Flokkur fólksins hvort haft hafi verið samráð við íbúa áður en ákveðið var að hefja framkvæmdir. Næst Bríetartúni og sleppistæði fyrir leigubíla. Þá verða tvö stæði fyrir hreyfihamlaða við snúningsshringinn, nær Hlemmi. Aðgengi verður stórlega skert. Íbúar sem búa í grennd við Hlemmtorg hafa áhyggjur af því að geta ekki lagt bíl við hús sín til að afferma. Flokkur fólksins hefur lagt til að fundin verði lausn á þessu þannig að íbúar við göngugötur, torg og önnur svæði sem meirihlutinn hefur lokað fyrir bílaumferð fái leyfi í samræmi við leyfi sem verslanir og veitingastaðir hafa þegar til að flytja inn vörur. Tillaga var felld. Á þessu svæði er blönduð byggð, margir með börn og einnig býr þarna fatlað fólk. Spurning: Hvernig á þetta fólk að bera inn matarpoka eða húsgögn ef því er að skipta, með barn á handlegg eða notast við hjálpartæki.

**Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið kl. 11:52**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Alexandra Briem

Hjálmar Sveinsson
Líf Magneudóttir

Kjartan Magnússon
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2022, þriðjudaginn 28. júní kl. 10:05 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1169. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Vífill Björnsson, Nikulás Úlfar Músson, Jón Hafberg Björnsson, Guðrún Ósk Hrólfsdóttir og Erna Hrönn Geirsdóttir
Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- | | | |
|--------------|---------------------|---------------------|
| 1. Akrasel 6 | (04.943.006) 113006 | Mál nr.
BN058988 |
|--------------|---------------------|---------------------|

Agata Weronika Cieszynska, Akrasel 6, 109 Reykjavík
Gunnhildur Björg Ívarsdóttir, Akrasel 6, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að grafa frá kjallara að hluta og koma fyrir gluggum og hurðum á göflum jafnframt því sem gerð er grein fyrir áður gerðri breytingu þar sem úppfyllt rými í kjallara hafa verið innréttað í parhúsi á lóð nr. 6 við Akrasel.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. júlí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. júlí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2021.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. júní 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2022.

Áður gerð stækkun: 108,5 ferm./260,2 ferm.

Eftir stækkun: 581,6 ferm., 1.906,8 rúmm.

Gjald kr. 12.100

Frestað.

Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2022.

- | | | |
|-------------------|--------------------|---------------------|
| 2. Arnarbakki 1-3 | (46.322.01) 111860 | Mál nr.
BN061155 |
|-------------------|--------------------|---------------------|

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um breytingu á erindi BN059906 þar sem fram koma breytingar á hátíðasal og smíðastofu og komið er fyrir nýju opnanlegu fagi í forrými bókasafns á 1. hæð, á norðurhlíð Breiðholtsskóla á lóð nr. 1-3 við Arnarbakka.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

- | | | |
|-------------------|--------------------|---------------------|
| 3. Asparfell 2-12 | (46.810.01) 112291 | Mál nr.
BN061154 |
|-------------------|--------------------|---------------------|

670575-0479 Asparfell 2-12, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að setja svalalokanir á svalir allra íbúða í fjölþýlishúsi á lóð nr. 2-12 við Asparfell.

Erindi fylgir fundargerð aðalfundar húsfélagsins Asparfell 2-12 dags. 15. júní 2021, bréf skipulagsfulltrúa dags. 10. september 2021 og skráningartafla dag, 8. ágúst 2006.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

- | | | |
|--------------|--------------------|---------------------|
| 4. Ármúli 38 | (12.951.01) 103833 | Mál nr.
BN059388 |
|--------------|--------------------|---------------------|

Bergljót Rist, Svarðbæli, 531 Hvammstangi
Ágústa Jenný Forberg, Klettatún 13, 600 Akureyri

Lagt fram bréf byggingarfulltrúa dags. 25. maí 2022 og bréf byggingarfulltrúa dags. 25. maí 2022 þar sem eigendum voru kynnt áform um ógildingu byggingarleyfis sem samþykkt var á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 19. október 2021, þar sem sótt var um leyfi til að gera svalir og breyta hluta atvinnuhúsnæðis í tvær íbúðir á 2. hæð í húsi nr. 38 á lóð nr. 38 við Ármúla (BN059388).

Samþykkt.

Byggingarleyfi, sem samþykkt var á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 19. október 2021, er felld úr gildi með vísan til 2. mgr. 25. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

5. Ármúli 8

(12.900.03) 103753

Mál nr.
BN061179

680380-0319 Sjónvarpsmiðstöðin ehf., Síðumúla 2, 108 Reykjavík

680696-2769 Fasteignafélagið Ármúla 8 ehf., Ármúla 8, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta útliti húss, þ.e. gluggum á rými 01-0102 er skipt út og fjölgað póstum með tilkomu lausafaga í efri hluta glugga á norðurhlíð húss lóð nr. 8 við Ármúla.

Stærð: Óbreytt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti sem samþykktur var þann 26. janúar 2016.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

6. Ásendi 19

(18.244.01) 108420

Mál nr.
BN059821

Ingibjörg R Björnsdóttir, Ásendi 19, 108 Reykjavík

Sótt er um samþykkt fyrir skráningartöflu vegna eignaskiptasamnings fyrir þrjú íbúðir á lóð nr. 19 við Ásenda.

Erindi fylgir umboð eiganda til umsækjanda dags 10. janúar 2022, fylgiskjal með nýjum eignanúmerum, afritum af aðalteikningum samþykktum 22. júní 1989.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.

7. Bauganes 16

(16.741.04) 106854

Mál nr.
BN061121

Hjálmur Nordal, Bauganes 16, 102

Sigríður Sólveig Ólafsdóttir, Bauganes 16, 102

Sótt er um leyfi til að fjarlægja múrklæðningu og setja í staðinn læsta áklæðningu og timbur á einbýlishús á lóð nr. 16 við Bauganes.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

8. Básendi 2

(18.240.10) 108382

Mál nr.
BN059142

Arnar Konráðsson, Básendi 2, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að hækka rishæð og innréttu stækkun íbúðar á 1. hæð, gera svalir á 1. hæð og klæða að utan með lerkí, einbýlishús á lóð nr. 2 við Básenda.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. maí 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2021.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. mars 2022 fylgir erindi, einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 7. mar 2022. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Tunguvegi 1 og 3, Básenda 1 og 4 og Ásenda 3, 5 og 7. Frá 27. janúar 2022 til og með 24. febrúar 2022. Engar athugasemdir bárust.

Stækkun: 83,8 ferm., 116,2 rúmm.

Eftir stækkun: 237,5 ferm., 671,3 rúmm.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

9. Bitruháls 1

(43.030.01) 111018

Mál nr.
BN060863

460269-0599 Auðhumla svf., Austurvegi 65, 800 Selfoss

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við mhl. 01, 1. hæð, yfir port milli X08 og X09, byggja nýjan ramp til norðurs, breyta innra skipulagi og útliti á 1. hæð og uppfæra brunavarnir í húsi á lóð nr. 1 við Bitruháls.

Erindi fylgir leyfi Heilbrigðiseftirlit dags. 27. maí 2014 umsögn brunahönnuðar dags. 6. apríl 2022, yfirlit breytinga.

Stækkun, mhl. 01: 211,9 ferm., 1238,1 rúmm.

Eftir stækkun, mhl. 01: 19.467,6 ferm., 120.887,4 rúmm.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

10. Brekkustígur 3

(11.342.06) 100333

Mál nr.
BN061157

Ragnheiður Jónsdóttir, Mosfell, 271 Mosfellsbær

Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja burðarveggi milli herbergis, stofu og eldhúss og gera að alrými á 1. hæð í íbúðarhúsi, mhl.01, á lóð nr. 3 við Brekkustíg.

Erindi fylgir A3 afrit af aðaltekningum samþykktum 11. ágúst 2009 með yfirliti breytinga.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

11. Drafnarstígur 5

(11.342.14) 100340

Mál nr.
BN061176

530704-2460 Pre ehf, Drafnarstíg 5, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu á suðvesturhlíð húss á lóð nr. 5 við Drafnarstíg.

Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.

Gjald kr.12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

12. Dyngjuvegur 18

(13.843.05) 104902

Mál nr.
BN061051

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að reisa sex deilda leikskóla fyrir 100 börn á meðan unnið er að endurbótum núverandi mannvirkja á lóð, um er að ræða byggingu úr forsmíðuðum gámaeiningum á einni hæð með stjórnunarrými, sérkennslurými, móttökueldhúsi og stoðrymum, staðsett á núverandi bílastæði sunnan við hús á lóð nr. 18 við Dyngjuveg.

Stærð: 792,0 ferm., 2.502,7 rúmm.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. júní 2022 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2022.

Gjald kr.12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

13. Eiðsgrandi

Mál nr.
BN061040

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að byggja útsýnispall með settröppum og bekkjum við nýjan sjóvarnargarð og göngustíg á borgarlandi norðan við Eiðsgranda á mótis við Grandaveg.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

